



## Fundargerð

**419. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 5. apríl 2018. Þetta er 4. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 5 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og Auðunn Guðjónsson endurskoðanda sveitarfélagsins velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskrá bætist;

### II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

5. 1804004 Stjórnsýslukæra Gunnars Kr. Oddsteinssonar vegna ákvörðunar Skaftárhrepps um skólaakstur í Skaftártungu. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. dags. 28.03.2018

6. Umsögn um 239. mál tillögu til þingsályktunar um umhverfismat fyrir gerð láglandisvegur um Mýrdal

### IV. Annað kynningarefni

5. 1603018 Ný brú yfir Eldvatn við Ása. Vegagerðin. dags. 26.03.2018.

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

*Sveitarstjóri sat innkaupdag Ríkiskaupa þar sem fjallað var m.a. um aðkomu sveitarfélaga að rammisamningum. Fundur var í starfshópi um raforkuflutning um miðjan mars ásamt fundi um skipulag væntanlegs þekkingarseturs í heimavistarálmu með arkitekt, formanni fræðslunefndar, skólustjóra, leikskólustjóra, forstöðumanni Kirkjubæjarstofu og verkefnisstjóra Skaftárhrepps til framtíðar. Sveitarstjóri átti einnig fund með Jes Einari Þorsteinssyni arkitekt Kirkjubæjarskóla til að kynna hugmyndir í tengslum við breytingu á nýtingu heimavistarálmunnar og viðbyggingu við skólann. Farin er af stað hugmyndavinna að innra skipulagi heimavistarálmunnar með tilliti til flutnings skrifstofunnar í haust. Fulltrúar frá Vatnajökulspjóðgarði, Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu kynntu heimsminjatilnefningu Vatnajökulspjóðgarðs. Stjórnarfundur og Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands var haldinn á Höfn. Sveitarstjóri undirritaði samning vegna Ísland ljóstengt og byggðastyrk til ljósleiðaralagningar vegna 2018 og sat ársfund Lánasjóðs sveitarfélaga 22. og 23. mars sl. Skipulagsdagur Skaftárhrepps verður haldinn sunnudaginn 8. apríl nk.*

### Dagskrá

#### I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1801006 Fundargerð 136. fundar skipulagsnefndar. dags. 3. apríl 2018

2. **1803002 Beiðni um niðurrif rafstöðvar við Tungulæk – umsögn Minjastofnunar Íslands.** Samkvæmt Minjastofnun Íslands telst húsið sem slíkt ekki nægilega gamalt til að fá umfjöllun stofnunarinnar en túrbínuna í húsinu ætti að varðveita sérstaklega t.a.m. á Byggðasafninu á Skógum að mati minjavarðar.



*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við niðurrif rafstöðvarhússins en hvetur eigendur til að fylgja tillögum Minjastofnunar varðandi varðveislu túrbínunnar. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**3. 1803003 Áfangastaðaáætlun Suðurlands, DMP. Til umsagnar og athugasemda.**

Markaðsstofa Suðurlands sendi sveitarstjórnnum á Suðurlandi til umsagnar áfangastaðaáætlun Suðurlands. Sveitarstjórn tók erindið fyrir á 418. fundi sínum og vísaði málinu til umfjöllunar í skipulagsnefnd og umhverfis- og náttúruverndarnefnd.

*Skipulagsnefnd telur fátt í áfangastaðaáætluninni sem myndi fara inni aðalskipulag sveitarfélagsins. Fremur sé um að ræða óskalista yfir framtíðarsýn. Skipulagsnefnd telur mörg starfsmarkmiðanna óraunhæf og of viðamikil og tímarammi of skammur.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að senda ábendingarnar til Markaðsstofu Suðurlands.*

**5. 1803009 Umsókn um stofnun lóðar fyrir starfsmannahús á Geirlandi.**

Gísli Kjartansson sækir um stofnun lóðar fyrir starfsmannahús í landi Geirlands.

*Samþykkt í skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**6. 1803010 Breyting á skráningu fasteignar.**

Arna Guðbjörg og Hörður Eypórsson sækja um að breyta sumarhúsi í landi Ásgarðs með fastanúmer 223-8121 í íbúðarhús. Þau ætla að nýta húsið sem íbúðarhús en með þessari breytingu fá þau vissa grunnþjónusta.

*Samþykkt í skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

**7. 1804001 Laufskálavarða – salernisaðstaða og bílastæði.**

Erindi frá sönnum landvættum um að tillaga að salernisaðstöðu og bílastæði við Laufskálavörðu verði grenndarkynnt.

*Skipulagsnefnd mælist til að farið verið strax í deiliskipulag skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkir ekki grenndarkynningu á verkefningu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

2. 1604045 Fundargerð 27. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar. dags. 14.03.2018

**1803003 Umsögn um Áfangastaðaáætlun Suðurlands**

Umhverfis- og Náttúruverndarnefnd er ánægð með innihald skýrslunnar en telur að forgangsraða þurfi starfsmarkmiðum þar sem ljóst er að mörg þessara markmiða náist ekki á næstu þremur árum. Sem dæmi er óraunhæft; að öllum einbreiðum brúm ásamt því að gera 2+1 þjóðveg frá Selfossi að Jökulsárlóni/Höfn, hinsvegar mætti á þessum vegkafla setja ákveðna staði í forgang. Jafnframt mætti í ljósi atburða síðustu vikna hér í Skaftárhreppi leggja ennþá ríkari áherslu á bætt heilbrigðisþjónustu og slysavarnir.



*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að senda ábendingarnar til Markaðsstofu Suðurlands.*

## **Önnur mál**

Formaður bendir á að núna er opin til umsagnar Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum „drög að verkefnaáætlun 2018-2020 og rennur umsagnarfrestur út 19. mars 2018. Nefndin mælist til að sveitarstjórn veiti umsögn um ofangreinda skýrslu.

*Sveitarstjórn þakkar ábendinguna.*

## **II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

### **1. 1711010 Ársreikningur Skaftárhrepps 2017- fyrri umræða**

*Auðunn Guðjónsson endurskoðandi frá KPMG lagði fram endurskoðunarskýrslu 2017 og fór yfir ársreikninginn. Sveitarstjórn þakkar Auðunni fyrir greinargóða yfirferð. Ársreikningi vísað til síðari umræðu.*

*Sverrir Gíslason lýsir vanhæfi og yfirgefur fundinn.*

### **2. 1702024 Tillaga landaskipta vegna Kirkjubæjarklausturs**

*Tillaga að landaskiptum sem allir landeigendur sættast á er langt komin en ekki náðist að ljúka við endanlega tillögu að landaskiptum fyrir fundinn og þarf því að fresta afgreiðslu málsins. Það er eindregin vilji sveitarstjórnar að ljúka málinu fyrir lok kjörtímabils og verður boðað til aukafundar sveitarstjórnar um leið og endanlega tillaga liggur fyrir.*

*Sverrir Gíslason kemur aftur til fundarins.*

### **3. 1804002 Lóðarleigusamningar innan Þjóðlendna. Forsætisráðuneytið. dags. 07.03.2018. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu fyrir sína hönd.**

*Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir varaoddviti tekur við stjórn fundarins.*

### **4. 1803005 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Fávísi Stormur ehf. kt. 440517-0560 um rekstrarleyfi gististaðar í flokki II. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. dags. 14.03.2018.**

*Sveitarstjórn hafnar veitingu leyfisins þar sem Sauðagata 12 er í skipulagðri frístundabyggð. Leyfisskyld starfsemi rúmast ekki innan frístundabyggðar samkvæmt skilgreiningu í aðalskipulagi Skaftárhrepps. Sveitarstjórn bendir á að gera þarf breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps eigi að vera heimilt að vera með atvinnustarfsemi á svæðinu.*

*Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.*

### **5. 1804004 Stjórnsýslukæra Gunnars Kr. Oddsteinssonar vegna ákvörðunar Skaftárhrepps um skólaakstur í Skaftártungu. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. dags. 28.03.2018 Ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála hefur borist stjórnsýslukæra Gunnars Kr. Oddsteinssonar þar sem kært er fyrirkomulag skólaaksturs úr Skaftártungu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu og senda umbeðin gögn til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins fyrir tilskilin frest.**



6. Umsögn um 239. mál tillögu til þingsályktunar um umhverfismat fyrir gerð láglendisvegur um Mýrdal

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar framkomna tillögu og jafnframt fyrir þetta tækifæri til að veita umsögn um hana. Það er afar jákvætt að sjá samstöðu sunnlenskra þingmanna vegna þessa máls. Samstöðu sem vonandi veit á áframhaldandi samvinnu þeirra til að fylgja eftir öðrum brýnum verkefnum í kjördæminu.*

*Í ljósi þeirrar gríðarlegu umferðaraukningar sem orðið hefur á Suðurlandi á undanförunum árum eru bættar samgöngur og aukið umferðaröryggi á þjóðvegum meðal allra brýnustu hagsmunamála landshlutans. Sýnt þykir að leggja þurfi í miklar og fjárfrekar viðhalds og nýframkvæmdir á vegakerfinu á komandi árum til að mæta því aukna álagi. Framkvæmdir sem kalla á vandaðan undirbúning. Þar eru vegabætur í Mýrdal engin undantekning.*

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps hvetur því eindregið til þess að farið verði í fyrirhugað umhverfismat, þar sem lagt verði mat á bæði jákvæða og neikvæða þætti fyrirhugaðrar framkvæmdar. Nauðsynlegt verkferli til að taka megi betri og upplýstari ákvörðun um framhald málsins.*

*Greiðar samgöngur og gott umferðarskipulag er krafa samtímans, stöndum saman í að gera það enn betra, í þágu okkar allra.*

### III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 858. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. dags. 23. mars 2018. *Fundargerð kynnt.*
2. 1604031 Fundargerð 53. Fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 15.03.2018. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 185. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands. dags. 22.03.2018. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð stjórnar Skógasafns. dags. 20.03.2018. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð fundar tengiliðahóps um opinber innkaup. dags. 05.03.2018. *Fundargerð kynnt.*

### IV. Annað kynningarefni.

1. Gögn frá fundi SASS með þingmönnum Suðurkjördæmis. dags. 06.03.2018. *Kynnt.*
2. Samstarf Ríkiskaupa og sveitarfélaga um rammastærðing o.fl. afrit af erindi sambands íslenskra sveitarfélaga til Ríkiskaupa. dags. 19.03.2018. *Kynnt.*
3. Matsgerð. Hæstaréttarmál nr. 444/2018 Veiðifélag Grenlækjar og Geilar ehf. gegn íslenska ríkinu og Skaftárhreppi. Ragnhildur Gunnarsdóttir, umhverfisverkfræðingur Ph.D. og Skúli Skúlasona, prófessor í vatnalíffræði. dags. 09.03.2018. *Kynnt.*
4. Ný persónuverndarlög, umsögn um frumvarpsdrög. Afrit af umsögn sambands íslenskra sveitarfélaga til Dómsmálaráðuneytisins. dags. 19.03.2018. *Kynnt.*
5. 1603018 Ný brú yfir Eldvatn við Ása. Vegagerðin. dags. 26.03.2018. *Kynnt.*


Næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 9. maí 2018  
Fundargerð lesin upp og samþykkt  
Fundi slitið kl. 15:34




  
Eva Björk Harðardóttir

  
Heiða Gyðný Ásgeirsdóttir

  
Sverrir Gíslason

  
Jóhannes Gissurarson

  
Bjarki Guðnason